

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. apríl 2011 í máli nr. S-886/2010:

Ákærvaldið

(Katrín Ólöf Einarsdóttir fulltrúi)

gegn

Agnari Víði Bragasyni.

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

I

Málið, sem dómtekið var 11. apríl síðastliðinn, er höfðað með 2 ákærum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á hendur Agnari Víði Bragasyni, kt. 000000-0000, Hverfisgötu 58a Reykjavík. Fyrri ákæran er gefin út 14. desember 2010 og eru ákærða þar gefin að sök „eftirtalin brot framin í Reykjavík á árinu 2010, nema annað sé tekið fram:

I.

Þjófnaði:

1. Miðvikudaginn 23. júní, á bifreiðastæði við Birkihvamm 9 í Kópavogi farið heimildarlaust inn í bifreiðina KM-867 og stolið vasaljósi, vasahníf, sólgleraugum, og smápeningum, heildarverðmæti kr. 5.000.

2. Aðfaranótt 20. september brotið rúðu á veitingastaðnum MMM Laugavegi 42 og farið inn í auðgunarskyni og stolið þaðan kr. 20.000 úr peningakassa sem þar var.

Teljast brotin varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

3. Gripdeild á sama tíma og getið er í ákærulið I. 1 tekið reiðhjól af Giant gerð ófrjálsri hendi sem stóð þar við bílskúrshurð að Birkihvamm, en ákærði var tekinn á umræddu reiðhjóli þegar lögregla hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 245. gr. almennra hegningarlaga.

III.

4. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 11. september á veitingastaðnum Monte Carlo, Laugavegi 34 A haft í vörslum sínum 1,21 g af maríhúana, sem ákærði var með í sígarettupakka.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 13, 1985 og lög nr. 68, 2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233, 2001, sbr. reglugerð nr. 848, 2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu alls sakarkostnaðar og einnig er krafist að ofangreind fíkniefni verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233, 2001.“

Síðari ákæran er gefin út 15. mars 2011 og eru ákærða þar gefin að sök „eftirtalin brot framin í Reykjavík: 1. Þjófnað, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 14. nóvember 2010, brotið rúðu á íbúð að Bankastræti 11, og farið inn í auðgunarskyni og stolið þaðan flatskjá, rauðu reiðhjóli, nokkrum DVD mynddiskum, svörtum iPod Nano, nokkrum flöskum af sterku áfengi, einu kartoni af sígarettum, útvarpi, Apple fartölvu og flakkara.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Þjófnað, með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 5. desember 2010, spennt upp glugga að versluninni Nikita, að Laugavegi 56, og farið inn í auðgunarskyni og stolið þaðan kr. 18.000 - 25.000 úr peningakassa sem þar var.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 9. desember 2010, á veitingastaðnum Monte Carlo, að Laugavegi 34A, haft í vörslum sínum 0,58 g af amfetamíni, sem lögreglumenn fundu við leit á ákærða.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

4. Þjófnað, með því að hafa aðfararnótt þriðjudagsins 28. desember 2010, spennt upp þakglugga að veitingastaðnum 73, við Laugaveg 73, og farið inn í auðgunarskyni og stolið þaðan 1 flösku af Remy Martin XO koníaki, 1 flösku af Larsen VSOP koníaki, 1 flösku af Jim Beam viskíi og 1 flösku af Bacardi romm.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa mánudaginn 3. janúar 2011, á lögreglustöðinni við Hverfisgötu, haft í vörslum sínum 17,18 g af amfetamíni, en lögreglumenn fundu fíkniefnin við leit á ákærða.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

6. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 2. febrúar 2011, á veitingastaðnum Mónakó, að Laugavegi 78, haft í vörslum sínum 2,35 g af amfetamíni og 2,90 g af maríhúana sem ákærði kom fyrir bakvið spilakassa.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, að því er varðar meðferð ákærða á amfetamíni, sbr. og 6. gr. laganna, að því er varðar meðferð ákærða á maríhúana, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

7. Þjófnað, með því að hafa laugardaginn 5. febrúar 2011, ásamt óþekktum aðila, brotið rúðu á útidyraturð að Ölstofu Kormáks og Skjaldar ehf., að Vegamótastíg 4, og farið inn í auðgunarskyni og stolið þaðan kr. 19.000 úr peningakassa sem þar var og 9 flöskum af sterku áfengi.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

8. Þjófnað, með því að hafa miðvikudaginn 9. febrúar 2011, ásamt Eiríki Harry Ragnarssyni, spennt upp hurð að eldhúsi veitingastaðarins Húmarhúsið, að Amtmannsstíg 1, og farið inn í auðgunarskyni og stolið þaðan 24 flöskum af Raoul Collet kampavíni, 24 flöskum af Stella Artois bjór, 35 flöskum af Vina Maipo rauðvíni, 2 kg af humri og 10 kg af humarhölum, samtals að verðmæti kr. 151.520.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

9. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa á sama tíma og greinir í ákærulið 8., á lögreglustöðinni við Hverfisgötu, haft í vörslum sínum 5,82 g af amfetamíni og 0,11 g af maríhúana, sem lögreglumenn fundu við leit á ákærða.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, að því er varðar meðferð ákærða á amfetamíni, sbr. og 6. gr. laganna, að því er varðar meðferð ákærða á maríhúana, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er þess krafist að gerð verði upptæk samtals 25,93 g af amfetamíni og 3,01 g af maríhúana sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.“

Ákærði hefur játað sök í brotum þeim sem honum eru gefin að sök í fyrri ákærunni. Hann neitar sök í liðum 1, 2, 4 og 7 í síðari ákærunni en játar sök að öðru leyti. Ákærði krefst sýknu af þeim ákæruliðum sem hann neitar sök í en að öðru leyti vægustu refsingar. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Með vísun til 3. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 verða málavextir ekki reifaðir varðandi ákæruliðina þar sem ákærði játar sök heldur verður um þá vísað til ákæru.

Málavextir varðandi 1. lið síðari ákærunnar eru þeir að brotist var inn í íbúðina á nefndum tíma og stolið þaðan þeim verðmætum sem upp eru talin í ákæruliðnum. Á bolla í íbúðinni fannst fingrafar ákærða. Hann var yfirheyrður en neitaði sök. Hann kvaðst ekki hafa komið í íbúðina svo hann vissi til.

Málavextir varðandi 2. lið síðari ákærunnar eru þeir að brotist var inn í verslunina á nefndum tíma og stolið þaðan þeim peningum sem í ákæru greinir. Á tölvuskjá í versluninni fannst fingrafar ákærða. Þá náðist mynd á eftirlitsmyndavél

af þeim sem braust inn. Ákærði var yfirheyrður en neitaði sök og kvaðst ekki vera sá sem sæist á myndinni.

Málavextir varðandi 4. lið síðari ákærunnar eru þeir að brotist var inn í veitingahúsið á nefndum tíma og stolið þaðan áfengi eins og í ákæru greinir. Mynd náðist á eftirlitsmyndavél af þeim sem braust inn. Ákærði var yfirheyrður en neitaði sök og kvaðst ekki vera sá sem sæist á myndinni. 6 lögreglumenn skoðuðu myndbandið og lýstu því yfir að það væri ákærði sem sæist á því.

Málavextir varðandi 7. lið síðari ákærunnar eru þeir að brotist var inn í veitingahúsið á nefndum tíma og stolið þaðan áfengi og peningum eins og í ákæru greinir. Mynd náðist á eftirlitsmyndavél af tveimur mönnum sem brutust inn og samkvæmt lögregluskýrslu staðfesta 4 lögreglumenn að annar mannanna sé ákærði. Ákærði var yfirheyrður en neitaði sök og kvaðst ekki vera annar þeirra sem sæist á myndinni.

III

Við upphaf aðalmeðferðar ítrekaði ákærði fyrri afstöðu sína að neita sök í framangreindum ákæruliðum en játa sök að öðru leyti.

Varðandi 1. lið kvaðst hann ekki minnst þess að hafa verið gestkomandi að Bankastræti 11 og kvaðst varla vita hvar húsið væri. Þá kvaðst hann ekki þekkja húsráðanda. Honum var kynnt að fingrafar hans hefði fundist á bolla í íbúðinni og gat hann ekki skýrt af hverju það stafaði.

Varðandi 2. lið kvaðst ákærði ekki vera sá sem sæist á myndbandinu sem tekið var af þeim sem braust inn í verslunina umrætt sinn. Honum var bent á að fingrafar hans hefði fundist á tölvuskjá í versluninni. Hann kvaðst hafa komið í verslunina en gat ekki sagt til um hvenær það hefði verið, en hann væri það sem kallað er „miðbæjarrotta“ og hefði komið inn í flestar verslanir í miðbænum.

Varðandi 4. lið kvaðst ákærði ekki vera sá sem sæist á myndbandinu sem tekið var af þeim sem braust inn í verslunina umrætt sinn. Honum var bent á að 6 lögreglumenn, sem þekktu hann, hefðu þekkt innbrotsþjófinn sem hann. Ákærði kvað það ekki breyta afstöðu sinni.

Varðandi 7. lið kvaðst ákærði ekki vera sá sem sæist á myndbandinu sem tekið var af þeim sem braust inn í verslunina umrætt sinn. Hann kvaðst ekki geta gert grein fyrir ferðum sínum umrædda nótt. Þá var honum bent á að 4 lögreglumenn, sem þekktu hann, hefðu þekkt innbrotsþjófinn sem hann. Ákærði kvað það ekki breyta afstöðu sinni.

Húsráðandi að Bankastræti 11 lýsti aðkomu á vettvangi og því sem var stolið. Hún kvað bollann, sem fingraför fundust á, hafa verið í skáp sem í voru áfengisflöskur, sem hafði verið stolið. Einnig var stolið tóbaki úr skápnum. Bollinn, sem var fullur af lyklum, hafi verið færður úr skápnum og niður á borð. Húsráðandi kvaðst ekki þekkja ákærða.

Lögreglumaður, sem ritaði frumskýrslu um aðkomu í Bankastræti 11, staðfesti hana. Hann kvað íbúðina nánast hafa verið lagða í rúst. Þá kvaðst hann hafa séð bolla fullan af lyklum á borði við ísskápinn og kvað hann húsráðanda hafa sagt að bollinn hefði verið færður úr stað.

Rannsóknarlögreglumaður, sem rannsakaði vettvang að Bankastræti 11, staðfesti að húsráðandi hefði bent sér á að þjófurinn hefði þurft að taka bolla, sem í voru lyklar, niður úr skáp. Hann kvaðst hafa fundið fingrafar á bollanum og heyrt síðar frá þeim sem rannsakaði það, að það væri fingrafar ákærða.

Rannsóknarlögreglumaður, sem rannsakaði fingrafar á bollanum og eins á tölvuskjánum, sem um er fjallað í ákærulið 2, staðfesti niðurstöður sínar. Hann kvaðst hafa fengið til rannsóknar fingrafaralyftu af bolla úr Bankastræti 11 og komist að því að það tilheyrði ákærða. Hann hafi einnig fengið fingrafaralyftu af spegli úr sama húsi en ekki fundið hverjum það tilheyrði. Varðandi ákærulið 2 kvaðst hann hafa fengið 2 lyftur og hafi önnur þeirra tilheyrt ákærða.

Lögregluvarðstjóri, sem ritaði frumskýrslu varðandi 2. ákærulið, staðfesti skýrslu sína og myndir sem hún tók á vettvangi. Hún kvað lögreglumenn hafa hugsanlega talið að ákærði hefði brotist þarna inn eftir að hafa skoðað myndband út eftirlitsmyndavél. Þá kvað hún fingraför hafa fundist á tölvuskjá eða kassa og hefði rannsóknarlögreglumaður lyft þeim.

Lögreglumaður, sem ritaði frumskýrslu varðandi 4. ákærulið, staðfesti skýrslu sína. Hann staðfesti að fyrst hefði grunur lögreglu beinst að öðrum manni en ákærða og hefði hann verið handtekinn en látinn laus þegar í ljós kom að hann átti ekki hlut að máli. Lögreglumenn hefðu skoðað myndband úr eftirlitsmyndavél og komist að því að um ákærða var að ræða. Lögreglumaðurinn kvaðst þó ekki sjálfur hafa þekkt ákærða, enda hefði hann lítil afskipti haft af honum í starfi sínu.

Lögreglumaður, sem skoðaði myndband úr eftirlitsmyndavél veitingastaðarins 73 sem um er fjallað í 4. ákærulið, staðfesti að maðurinn sem sæist á því væri ákærði. Hann kvaðst hafa haft afskipti af ákærða lengi og benti á að hann væri með sterka andlitsdrætti og sérstakt göngulag. Maðurinn á myndbandinu hefði sömu andlitsdrætti og sama göngulag og ákærði. Varðandi ákærulið 7 kvaðst lögreglumaðurinn hafa horft á myndbandsupptöku úr eftirlitsmyndavél úr því innbroti og fullyrti að ákærði sæist á því. Benti hann á sömu atriði því til stuðnings og varðandi ákærulið 4.

Lögreglufulltrúi, sem skoðaði myndbönd varðandi ákæruliði 4 og 7, staðfesti að maður sá sem sæist á þeim væri ákærði. Hann kvaðst þekkja ákærða og hafa gert lengi. Hann bar að myndrammi hefði verið frystur og þá hafi andlitsmynd ákærða komið greinilega í ljós.

Rannsóknarlögreglumaður, sem skoðaði myndband varðandi ákærulið 4, staðfesti að maður sá sem sæist á því væri ákærði. Hann kvaðst þekkja ákærða og hafa gert lengi. Kvaðst hann vera 99% viss um að ákærði væri sá sem sæist á myndbandinu. Kvað hann bæði andlistfall og útlit almennt benda á ákærða.

Annar rannsóknarlögreglumaður skoðaði myndband varðandi ákærulið 7 og bar að maðurinn á því væri ákærði. Hann kvaðst ekki geta fullyrt þetta, en kvað það vera 80% öruggt að þetta væri ákærði. Hann kvaðst ekki þekkja ákærða sérstaklega.

Rannsóknarlögreglumaður sem kom að rannsókn varðandi ákærulið 4 bar að fyrst hafi annar maður en ákærði verið grunaður, en eftir að hafa skoðað myndskaið úr eftirlitsmyndavél kvaðst hann strax hafa séð að ákærði var á því. Hann kvað það engum vafa undirorpið að um ákærða væri að ræða, enda kvaðst hann þekkja ákærða vel vegna fyrri afskipta af honum. Bæði kvaðst hann hafa séð andlit ákærða og eins þekkja hann af göngulagi og framgöngu.

Stúlka, sem vann í verslun rétt hjá þeim stað sem um ræðir í 7. ákærulið, kvaðst hafa séð tvo menn með þeim þriðja í nágrenni Ölstofunnar þennan morgun. Hún kvaðst hafa heyrt brothljóð og svo séð menn hlaupa á brott. Hún var spurð hvort hún kannaðist við ákærða og taldi hún hann aðeins geta svipað til eins þeirra, en var ekki viss.

IV

Með skýlausri játningu ákærða, sem ekki er ástæða til að draga í efa og styðst við önnur gögn málsins, er sannað að hann hafi framið þau brot sem honum eru gefin að sök í fyrri ákærinni og ákæruliðum 3, 5 og 6 og 8 og 9 í síðari ákærinni. Brot ákærða varðandi þessi ákæruefni eru rétt færð til refsíákvæða í ákæruskjölunum.

Ákærði neitar sök í ákærulið 1 í síðari ákærinni. Eins og rakið var fannst fingrafar hans á bolla í íbúðinni að Bankastræti 11. Bolli þessi hafði verið færður úr stað til að komast að áfengisflöskum og tóbaki sem stolið var í innbrotinu. Ákærði kannaðist ekki við að hafa komið í þessa íbúð og kvaðst varla vita hvar húsið væri. Húsráðandi kannaðist heldur ekki við ákærða. Dómurinn telur hins vegar að sannað sé með fingrafari ákærða á bollanum að hann hafi fært hann úr stað. Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað að ákærði hafi verið þarna að verki og verður hann sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið og er þar rétt fært til refsíákvæðis.

Varðandi innbrotið sem lýst er í 2. ákærulið síðari ákærinnar þá er meðal gagna málsins myndband úr eftirlitsmyndavél sem sýnir innbrotsþjófinn á vettvangi og handleikur hann meðal annars tölvuskjá á afgreiðsluborði. Á þessum tölvuskjá fannst fingrafar ákærða. Þá er innbrotsþjófurinn verulega líkur ákærða í fasi og líkamsbyggingu. Með þessum gögnum telur dómurinn sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi brotist inn í umrædda verslun eins og honum er gefið að sök í ákæruliðnum og er brot hans þar rétt fært til refsíákvæðis.

Varðandi innbrotið sem lýst er í 4. ákærulið síðari ákærunnar þá er meðal gagna málsins myndband úr eftirlitsmyndvél sem sýnir innbrotshjófann á vettvangi. 6 lögreglumenn, sem allir þekkja ákærða, skoðuðu myndbandið og skrifuðu um það skýrslu þar sem þeir fullyrða að það sé ákærði sem sést á því. 4 þeirra komu fyrir dóm og báru á sömu lund eins og lýst var hér að framan. Dómarinn hefur skoðað myndbandið og er maðurinn, sem á því sést, verulega líkur ákærða í útliti og fasi. Með þessum gögnum telur dómurinn sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi brotist inn eins og honum er gefið að sök í ákæruliðnum og er brot hans þar rétt fært til refsíákvæðis.

Varðandi 7. ákærulið síðari ákærunnar þá er meðal gagna málsins myndband úr eftirlitsmyndavél sem sýnir 2 innbrotshjófa á vettvangi. Lögreglufulltrúi, sem þekkir vel til ákærða, skoðaði myndbandið og skrifaði skýrslu um þá skoðun. Þar kemur fram að ákærði er annar þjófanna. 3 lögreglumenn staðfesta með lögreglufulltrúanum að ákærði sé annar þjófanna. Lögreglufulltrúinn og tveir lögreglumannanna komu fyrir dóminn og staðfestu tveir þeirra að um ákærða væri að ræða, en sá þriðji kvaðst 80% viss um það. Lögreglufulltrúinn og annar lögreglumannanna báru að hafa þekkt ákærða lengi og væru ekki í vafa um að hann væri annar manna. Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað að ákærði hafi verið þarna að verki og verður hann sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið og er þar rétt fært til refsíákvæðis.

Ákærði var fyrst dæmdur í skilorðsbundið fangelsi 1983 fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Síðan þá hefur hann verið dæmdur 17 sinnum í fangelsi í samtals 155 mánuði fyrir hegningar-, umferðar- og fíkniefnalagabrot. Eru þá ótaldar sektir fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot. Síðast var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi 9. nóvember 2010 fyrir hegningar-, umferðar- og fíkniefnalagabrot. Við mat á refsingu ákærða verður að líta til sakarferils hans og 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður ekki fram hjá því litið að ákærði er vanaafbrotamaður sem sérstaklega hefur lagt það í vana sinn að fremja auðgunarbrot, sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu verður refsing hans ákveðin fangelsi í 16 mánuði, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist eins og greinir í dómsorði. Upptæk skulu gerð fíkniefni eins og greinir í dómsorði.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun verjanda síns að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Agnar Víðir Bragason, sæti fangelsi í 16 mánuði en til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 9. febrúar 2011.

Upptæk skulu gerð 25,93 g af amfetamíni og 4,22 g af marihúana.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 502.000 krónur.

Arngrímur Ísberg